

Fundargerð 19. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 28. janúar 2008 kl. 10:30 sem haldinn var á skrifstofu IAM, Laugarvegi 7, 3. hæð, Reykjavík.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnamaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Sala og leiga eigna
 - a. Unnið er að gerð kaupsamninga byggðum á kauptilboði Háskólavalla, Keilis og AFS í eignir í umsýslu ÞK. Samningarnir verða lagðir fyrir stjórn til samþykktar áður en að undirritun kemur. Ljóst er að tafir hafa orðið í skráningarferli eignanna. Þá er ljóst að aðstæður á fasteignamarkaði hafa breyst nokkuð frá því að kauptilboðin voru undirrituð.
 - b. Einnig er unnið að kaupsamningi við Verne Holdings í eignir í umsýslu ÞK vegna uppbyggingar á rafrænu gagnaveri á svæði ÞK. Útlit er fyrir að þeir samningar klárast í lok febrúar. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra var falið að ganga frá samningi.
 - c. Tekið var fyrir tilboð frá Friðriki Jónssyni, Jóhanni Dalberg og Páli Árnasyni í eign nr. 881. Stjórnin hafnaði tilboðinu. Tilboðið er talið undir væntingum félagsins bæði hvað varðar verð og greiðslukjör. Auk þess sem skipulagsleg staða þess svæðis sem byggingin stendur á óljós.
 - d. Tekið var fyrir tilboð frá Jóni Einarssyni í byggingu nr. 881. Stjórn hafnaði tilboðinu. Tilboð þótti undir verðvæntingum félagsins og skipulagsleg staða svæðisins sem byggingin stendur á er óljós.
 - e. Tekið var fyrir tilboð frá M. Jónasson í byggingu nr. 873. Stjórn hafnaði tilboðinu. Tilboðið þótti undir verðvæntingum félagsins auk þess sem væntanleg nýting svæðisins fer ekki saman við fyrirhugaða starfsemi.
 - f. Tekið var fyrir tilboð frá Álasund í byggingu nr. 645. Tilboðinu var hafnað þar sem það þótti undir verðvæntingum.
 - g. Tekið var fyrir tilboð frá Valferðum í byggingu nr. 736 – Tilboðinu var hafnað. Beðið verður með sölu á þessari eign þar til skipulag svæðisins verður betur mótað. Svæðið talið henta vel til uppbyggingar á heilbrigðisþjónustu vegna nálægðar við sjúkrahús o.fl.
 - h. Tekið var fyrir tilboð frá Sigurnesi í byggingar nr. 634 – 635. Framkvæmdastjóra var falið að ræða betur við forsvarsmenn Sigurness. Stjórnin vill skoða möguleika á heilbrigðisuppbyggingu á því svæði

sem ofantaldar eignir eru staðsettar á áður en þeim er ráðstafað til annarra nota.

- i. Tekið var fyrir tilboð frá Hjálpræðishernum í byggingu 349. Byggingin liggur á suð-austanverðu svæðinu við girðingu öryggissvæðis. Stjórnin hafnaði tilboðinu og telur að liggja þurfi betur fyrir skipulagsleg nýting svæðisins áður en eignum þar er ráðstafað.
 - j. Erindi var tekið fyrir frá sveitarfélaginu Garði þar sem óskað er eftir að fá til leigu, umráða og úthlutunar hluta af því landi sem áður var skilgreint sem varnarsvæði og nú er í umsjá ÞK. Land þetta liggur innan sveitarfélagamarka Garðs. Stjórn ÞK tók þá afstöðu að taka málið til skoðunar og þá sérstaklega í ljósi framtíðarþróunar og skipulags svæðisins í heild.
 - k. Tekin var fyrir beðni vegna endurnýjunar á lóðarleigusamningi fyrir byggingu nr. 3003. Stjórn ÞK tók þá afstöðu að endurnýja ekki samninginn að svo stöddu. Heldur bíða þess að skipulag þess svæðis sem byggingin stendur á verði betur mótað og að fyrir liggja framtíðaráætlanir um nýtingu svæðisins.
 - l. Farið var yfir hugmyndir um heilbrigðisuppbyggingu á svæði ÞK. Nokkrar hugmyndir hafa komið upp á yfirborðið bæði þær sem innifela aðkomu einkaaðila sem og aðkomu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Stjórn vill vinna þau mál áfram og skoða nánar.
3. Staða verkefna.
 - a. Farið var yfir stöðu verkefna félagsins.
 - b. Farið var yfir hugmyndir um stofnun frumkvöðlaseturs á svæðinu í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð og Keili. Stjórn ÞK tók jákvætt í þær hugmyndir.
 4. Önnur mál.
 - a. Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.